



Borgarráð

Tillögur vegna aðalfundar Faxaflóahafna sf.

Boðað hefur verið til aðalfundar í Faxaflóahöfnum sf. í samræmi við gr. 4.1 í sameignarfélagssamningi félagsins föstudaginn 21. júní 2024 kl. 15:00. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Faxaflóahafna hf. 21. júní 2024:

3. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu. – Til samþykktar. *Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2024 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2023 til eigenda að fjárhæð 84 millj.kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári. Er sú arðgreiðsla í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins sem stjórn hefur samþykkt.*

4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar *Tillaga stjórnar er um óbreytta stefnumörkun og framtíðarsýn frá fyrra ári.*

5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar. *Tillaga stjórnar er óbreytt frá fyrra ári (afgreiðslu hennar var frestað á síðasta aðalfundi).*

6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar *Tillaga stjórnar er um óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári.*

7. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári. – Til samþykktar. *Tillaga stjórnar er að stjórnarlaun samsvari flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg, líkt og gilt hefur undanfarin ár.*

8. Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.

9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr. *Tillaga stjórnar er óbreytt frá fyrra ári. Lagt er til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins.*

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

- Borin verður upp tillaga um nýjan sameignarfélagssamning um Faxaflóahafnir sf. sbr. meðfylgjandi skjal.



Reykjavíkurborg

- Lögð verður fram ný innkaupastefna fyrir Faxaflóahafnir til staðfestingar eigenda til samræmis við grein 5.5. í sameignarfélagssamningi sbr. meðfylgjandi skjal. Staðfestingin er háð samþykkt stjórnar um stefnuna fyrir fundinn.

Lagt er til að tillögur 3, 4, 6, 7 og 9 verði samþykktar en tillögu 5 frestað og hún tekin til umfjöllunar í sameiginlegum hópi eigenda um fjármagnsskipan Faxaflóahafna. Gert verði ráð fyrir sérstökum eigendafundi að aflokinni þeirri umfjöllun.

Varðandi tillögu 8 um kjör fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf. þá verður tillaga um fulltrúa Reykjavíkurborgar lögð fyrir borgarstjórnarfund þann 18. júní 2024.

Varðandi tillögu 10 um önnur málefni sem löglega eru upp borin er lagt til að nýr sameignarfélagssamningur um Faxaflóahafnir sf. sem og ný innkaupastefna fyrir Faxaflóahafnir sf. verði samþykkt.

Málið er trúnaðarmál fram yfir framhaldsaðalfund Faxaflóahafna sem haldinn verður 21. júní 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð vegna aðalfundar Faxaflóahafna sf. dags. 6. júní 2024

Tillögur stjórnar Faxaflóahafna sf. fyrir aðalfund 21. júní 2024

Innkaupastefna Faxaflóahafna sf. - Tillaga

Sameignarfélagssamningur Faxaflóahafna sf. - Tillaga

From: Guðbjörg Erlingsdóttir <gudbjorg@faxafloahafnir.is>

Sent: Thursday, June 6, 2024 4:16:10 PM

To: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>; einar.thorsteinsson@reykjavik.is <einar.thorsteinsson@reykjavik.is>; Akranes Email <akranes@akranes.is>; Linda Björk Pálsdóttir <linda@hvalfjardarsveit.is>; borgarbyggd@borgarbyggd.is <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; sveitarstjori@borgarbyggd.is <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; skorradalur@skorradalur.is <skorradalur@skorradalur.is>; haraldurb@akranes.is <haraldurb@akranes.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; theodors@grantthornton.is <theodors@grantthornton.is>

Subject: Aðalfundur Faxaflóahafna sf. - FUNDARBOÐ - STAÐFESTIÐ MÓTTÖKU !

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Faxaflóahafna sf., kt. 530269-7529, verður haldinn **föstudaginn 21. júní 2024 kl. 15:00** í fundarsal á 3. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

- Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
- Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
- Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.
- Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
- Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.
- Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
 - Borin verður upp tillaga um nýjan sameignarfélagssamning um Faxaflóahafnir sf. sbr. meðfylgjandi skjal.
 - Lögð verður fram ný innkaupastefna fyrir Faxaflóahafnir til staðfestingar eigenda til samræmis við grein 5.5. í sameignarfélagssamningi sbr. meðfylgjandi skjal. Staðfestingin er háð samþykkt stjórnar um stefnuna fyrir fundinn.

Rétt til setu á aðalfundi Faxaflóahafna sf. eiga kjörnir aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum eigenda, bæjar- og sveitarstjórar eigenda, borgarstjórinn í Reykjavík, hafnarstjóri og endurskoðandi félagsins. Hafnarstjórn er jafnframt heimilt að bjóða öðrum til setu á fundinum.

Fundarboð er aðeins sent með tölvupósti á grundvelli heimildar í grein 4.3 í sameignarfélagssamningi um Faxaflóahafnir sf. **Vinsamlegast staðfestið móttöku á tölvupósti þessum.**

Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf.

Guðbjörg E. Erlingsdóttir

Ritari Skjalavarsla | Secretary

gudbjorg@faxafloahafnir.is

Sími: 525-8907 GSM: 665-8714

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Faxaflóahafna þann 21. júní 2024

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2024 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2023 til eigenda að fjárhæð 84 millj.kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári. Er sú arðgreiðsla í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins sem stjórn hefur samþykkt.

4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.

Tillaga stjórnar er um óbreytta stefnumörkun og framtíðarsýn frá fyrra ári.

5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.

Tillaga stjórnar er óbreytt frá fyrra ári (afgreiðslu hennar var frestað á síðasta aðalfundi).

6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.

Tillaga stjórnar er um óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári.

Tillaga stjórnar er að stjórnarlaun samsvari flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg, líkt og gilt hefur undanfarin ár.

8. Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.
9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.

Tillaga stjórnar er óbreytt frá fyrra ári. Lagt er til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

- **Borin verður upp tillaga um nýjan sameignarfélagssamning um Faxaflóahafnir sf. sbr. meðfylgjandi skjal.**

- **Lögð verður fram ný innkaupastefna fyrir Faxaflóahafnir til staðfestingar eigenda til samræmis við grein 5.5. í sameignarfélagssamningi sbr. meðfylgjandi skjal. Staðfestingin er háð samþykkt stjórnar um stefnuna fyrir fundinn.**

INNKAUPASTEFNA

Hafnarstjóri Faxaflóahafna ber ábyrgð á innkaupastefnu Faxaflóahafna. Sviðsstjórar viðskiptasviðs, innviða og framkvæmdasviðs tryggja framgang stefnunnar.

TILGANGUR OG UMFANG

Tilgangur innkaupastefnu Faxaflóahafna er að tryggja hagkvæm og ábyrg innkaup. Stefnan nær til allra innkaupa Faxaflóahafna.

Faxaflóahöfnum ber við innkaup á vöru, þjónustu eða verki að fylgja reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitutilskipunin).

STEFNA

Innkaupum Faxaflóahafna er sinnt af heilindum, hagkvæmni og ábyrgum hætti þar sem viðeigandi lögum, reglugerðum og reglum er fylgt í hvívetna.

Faxaflóahafnir gera kröfu til þeirra aðila er vinna fyrir hönd Faxaflóahafna að undirgangast kröfur um heilindi og gæði í viðskiptum sem er öllum aðgengilegⁱ.

STEFNUMARKMIÐ

- Innkaup eru í samræmi við lög og reglur sem um fyrirtækið gilda.
- Áhersla er á hagkvæmni og að uppfylla stefnur og markmið Faxaflóahafna um öryggis- og umhverfismál og kröfur í vottuðum stjórnkerfum þar um, ISO 45001 og ISO 14001.
- Faxaflóahafnir einsetja sér að koma fram með siðferðilega ábyrgum hætti og af heilindum og ástunda gagnsæi í öllum viðskiptum.
- Ákvæðum um keðjuábyrgð til að sporna við mögulegri misnotkun á vinnuafli er framfylgt í samstarfi við birgja og er beitt í innkaupasamningum.

ANNAÐ

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna. Innkaupastefnan gildir frá og með staðfestingu stjórnar og er endurskoðuð eftir þörfum.

Samþykkt af Hafnarstjórn

Reykjavík xx.xx.2024

ⁱ [Heilindi og gæði í viðskiptum.](#)

SAMEIGNARFÉLAGSSAMNINGUR FAXAFLÓAHAFNA SF

EFNISYFIRLIT

HEITI, AÐILD OG VARNARÞING.....	2
TILGANGUR OG HLUTVERK.....	2
STOFNFÉ OG EIGENDUR.....	2
SAMSKIPTI VIÐ EIGENDUR.....	3
EIGENDAFUNDIR.....	3
RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR.....	4
BOÐUN OG DAGSKRÁ EIGENDAFUNDA.....	4
RAFRÆN ÞÁTTTAKA.....	5
DAGSKRÁ AÐALFUNDA.....	5
FUNDARSTJÓRN.....	5
ÁLYKTUNARHÆFI EIGENDAFUNDA.....	6
FUNDARGERÐ.....	6
SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR.....	6
HLUTVERK STJÓRNAR.....	7
SKYLDUR STJÓRNAR.....	7
UMBOÐ STJÓRNAR.....	8
SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR.....	8
FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI.....	9
UNDIRNEFNDIR.....	9
HAFNARSTJÓRI.....	9
SIÐAREGLUR.....	10
FJÁRHAGSÁÆTLUN.....	10
UPPLÝSINGAGJÖF.....	10
INNRA EFTIRLIT.....	11
ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN.....	11
FÉLAGSSLIT.....	12
BREYTINGAR Á SAMEIGNARFÉLAGSSAMNINGNUM.....	12

HEITI, AÐILD OG VARNARÞING

1. gr.

Faxaflóahafnir sf. er sameignarfélag og starfar samkvæmt hafnarlögum nr. 61/2003. Þar sem ákvæðum hafnarlaga og sameignarfélagssamningi þessum sleppir gilda ákvæði laga um sameignarfélög nr. 50/2007. Lögheimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

TILGANGUR OG HLUTVERK

2. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur Reykjavíkurborgar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar, Borgarneshafnar og annarra hafna sem kunna að verða aðilar að félaginu.

Í rekstri hafnanna felst að:

- a) Byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki.
- b) Rekstur hafntengdrar atvinnuáðstöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, mannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega, farm og ferðamenn.
- c) Annar rekstur tengdur höfnum eða skipum, s.s. hafnsöguþjónusta, festarþjónusta, vigtarþjónusta, sorphirða, sala vatns og rafmagns.
- d) Rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðunum, sem og þróun, skipulagning og uppbygging lands og mannvirkja á landi í eigu félagsins.
- e) Fjárfesting í rekstri sem styður við tilgang félagsins.

Félagið telst ekki til opinbers reksturs sbr. 3. tölul. 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili skv. 3. tl. 1. mgr. 2 gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignaskatt.

STOFNFÉ OG EIGENDUR

3. gr.

Ekki skal greiða stofnfé til félagsins. Sérhver eigandi skal leggja félaginu til fjármagn í formi eigna í samræmi við 18. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Eigendur eru:

Eigandi	Eignarhlutur	Kennitala	Heimilisfang
Reykjavíkurborg	75,5551%	530269-7609	Ráðhúsinu - 101 Reykjavík
Akraneskaupstaður	10,7793%	410169-4449	Stílliholti 16-18 - 300 Akranes
Hvalfjarðarsveit	9,3084%	630606-1950	Innrimel 3 - 301 Akranes
Borgarbyggð	4,1356%	600269-0709	Borgarbraut 14 - 310 Borgarnes
Skorradalshreppur	0,2216%	600269-0709	Horni - 311 Borgarnes

Heimilt er að veita nýjum sveitarfélögum inngöngu í félagið, enda leggi viðkomandi sveitarfélag félaginu til umsamið framlag. Framlagið getur verið hvort heldur í formi reiðufjár eða annarra eigna. Við ákvörðun á eignarhluta hins nýja eiganda skal meta eignir félagsins og skal það mat lagt til grundvallar eignarhlut hans. Stjórn skal leggja tillögu um að veita nýjum sveitarfélögum inngöngu í félagið fyrir eigendafund til samþykktar og er tillagan háð því að allir eigendur samþykki tillöguna.

Óheimilt er að bjóða öðrum aðilum eignarhlut til kaups en nefndir eru í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsfundar.

Vilji eigandi selja sinn hlut að nokkru eða öllu leyti eiga aðrir eigendur forkaupsrétt að fölum eignarhlutum í samræmi við sinn eignarhlut. Afsali einhver eigenda sér forkaupsrétti eykst réttur hinna að tiltölu. Félagið hefur rétt til að leysa til sín fala eignarhluta ef eigendur falla frá forkaupsrétti. Forkaupsréttarhafar og félagið hafa þriggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til forkaupsréttarhafa um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en fjórir mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef samkomulag næst ekki um innlausnar- eða kaupverð skal það metið af þremur matsmönnum, einum tilnefndum af seljanda, öðrum tilnefndum af stjórn félagsins og þeim þriðja sem tilnefndur er af bæði stjórn og seljanda í sameiningu. Náist ekki samkomulag um tilnefningu þriðja matsmanns skal hann tilnefndur af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hagnaði eða tapi af rekstri félagsins skal skipt á milli eigenda í hlutfalli við eignarhluta þeirra samkvæmt grein 2. mgr. þessarar greinar.

Gagnvart lánadrottnum félagsins ábyrgjast eigendur skuldir félagsins in solidum. Innbyrðis bera eigendur ábyrgð í samræmi við eignarhluta sinn.

SAMSKIPTI VIÐ EIGENDUR

4. gr.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og eigenda í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og eigenda svo sem um boðun eigendafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli eigendum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.

Stjórn skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera eigendum aðgengilegur og skulu eigendur staðfesta þær í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

EIGENDAFUNDIR

5. gr.

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og sameignarfélagssamningur þessi setja, er í höndum lögmætra eigendafunda.

RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR

6. gr.

Rétt til þátttöku á eigendafundum félagsins hafa eigendur félagsins.

Rétt til setu og málfrelsis á eigendafundum hafa:

- a) Stjórn og varastjórn.
- b) Fulltrúar í endurskoðunarnefnd.
- c) Hafnarstjóri.
- d) Endurskoðendur.

Meirihluta stjórnar og endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins.

Kjörnum fulltrúum eigenda er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir og fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund, sbr. ákvæði 4. mgr. 80. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Frambjóðendum til stjórnar er enn fremur heimilt að sækja fund.

BOÐUN OG DAGSKRÁ EIGENDAFUNDA

7. gr.

Stjórn félagsins boðar eigendur til eigendafunda með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Fundir skulu haldnir á starfsstöð félagsins, en stjórn hefur heimild til að ákveða að halda fundi annars staðar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal senda eigendum með rafrænum hætti sbr. 4. gr. og birta á heimasíðu félagsins.

Stjórn skal boða til eigendafundar ef endurskoðandi félagsins eða eigendur sem ráða yfir a.m.k. 20% eignarhluta krefst þess, í síðasta lagi innan 14 daga frá því að henni barst slík krafa. Sá sem krefst aukafundar skal senda skriflega beiðni þar um til stjórnar og tilgreina fundarefni.

Eigandi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á eigendafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með að minnsta kosti 21 dags fyrirvara. Senda skal tillögur eigenda til allra eigenda eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.

Endanleg dagskrá og tillögur skulu sendar eigendum eigi síðar en fjórtán dögum fyrir fund.

Eigendafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja eigendur eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi eignarhluta í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boða til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir eigendur eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi eignarhluta í félaginu að hið minnsta.

Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á eigendafundi nema með samþykki allra eigenda í félaginu. Löglegar fram bornar breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið eigendum til sýnis, enda gangi þær skemur gagnvart réttindum eigenda en upphafleg tillaga kveður á um.

RAFRÆN ÞÁTTAKA

8. gr.

Stjórn er heimilt að halda eigendafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild, skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Upplýsingar skulu jafnframt veittar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir eigendur, hvernig eigendur tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar eigendur nálgast leiðbeiningar um viðkomandi fjarskipta-búnað sem nota á við framkvæmd fundarins.

Komi fram mótmæli eiganda, innan 7 daga frá fundarboði, um að eigendafundur verði haldinn með rafrænum hætti og óskar eftir að fundur verði haldinn með hefðbundnum hætti, skal stjórn verða við slíkri beiðni og tilkynna öðrum eigendum um slíka breytingu án tafar.

DAGSKRÁ AÐALFUNDA

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal að jafnaði haldinn eigi síðar en í lok apríl ár hvert.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir til afgreiðslu:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda.
3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða.
5. Tillaga stjórnar um fjárhags- og starfsáætlun.
6. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu, og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
7. Tillaga stjórnar um um fjárfestingaráætlun.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.
9. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir eigendafund skv. 3. mgr. 16. gr.
10. Kosning endurskoðunarfélags.
11. Tillögur stjórnar um skipan nefnda skv. 19 gr., ef við á.
12. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til undirnefndar, ef við á.
13. Lýst kjöri stjórnar, ef við á skv. ákvæði 2. mgr. 13. gr.
14. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar.
15. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

FUNDARSTJÓRN

10. gr.

Eigendafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins.

Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt sameignarfélagssamningi þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

ÁLYKTUNARHÆFI EIGENDAFUNDA

11. gr.

Á eigendafundi fer atkvæðavægi eigenda eftir eignarhlut hvers eiganda skv. ákvæði 2. mgr. 3. gr. Afl atkvæða ræður úrslitum á eigendafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í sameignarfélagssamningi þessum eða lögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir einstaklingar eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðslur á eigendafundi skulu vera skriflegar ef einhver eigenda krefst þess.

FUNDARGERÐ

12. gr.

Rita skal fundargerð um það sem gerist á eigendafundum.

Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok, en fundarstjóri getur óskað eftir heimild eigendafundar til að ganga frá fundargerð með fundarritara í kjölfar fundar. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

Í síðasta lagi sjö dögum eftir eigendafund skulu eigendur eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins og á vefsvæði þess.

SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR

13. gr.

Stjórn félagsins nefnist hafnarstjórn og skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara, sem taka skulu sæti stjórnarmanna sem forfallast tímabundið. Forfallist stjórnarmaður varanlega skal þeim eiganda sem tilnefndi viðkomandi stjórnarmann heimilt að tilnefna annan aðila í hans stað sbr. 5. mgr. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og sameignarfélagssamningi þessum. Aðalfundur eigenda lýsir kjöri stjórnar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Reykjavíkurborg tilnefnir 4 stjórnarmenn, þar af 2 óháða, Akraneskaupstaður tilnefnir einn stjórnarmann, Hvalfjarðarsveit tilnefnir einn stjórnarmann og Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð tilnefna sameiginlega einn óháðan stjórnarmann. Reykjavíkurborg tilnefnir formann stjórnar en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Með óháðum stjórnarmönnum er átt við aðila sem óháðir eru félaginu og eigendum þess samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti hverju sinni. Kjörnir fulltrúar í borgar-, bæjar- og sveitarstjórnnum eigenda og starfsmenn þeirra, á yfirstandandi og næstliðnu kjörtímabili, teljast ekki óháðir stjórnarmenn.

Þau sveitarfélög sem tilnefna óháða fulltrúa í stjórn geta óskað eftir því að stjórn Faxaflóahafna auglýsi á heimasíðu félagsins, og víðar ef ástæða er til, eftir óháðum aðilum til setu í stjórninni.

Ákveði eigandi, sem tilnefnir fulltrúar í stjórn og varastjórn félagsins, að afturkalla umboð stjórnarmanns skal tilkynning þar að lútandi send hafnarstjórn og tekur ákvörðunin gildi þegar formleg tilkynning berst félaginu. Eigandi getur með sama hætti tilnefnt nýjan fulltrúa í stjórn eða varastjórn gangi fulltrúi hans úr stjórninni af einhverjum ástæðum.

Fulltrúar í stjórn skulu tilnefndir til fjögurra ára. Tilnefnt skal í stjórn á tveggja ára fresti í samræmi við kjörtímabil sveitarstjórna, þannig að stjórnarseta einstaklinga skarast. Þannig skulu ffjörir einstaklingar

tilnefndir í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna til fjögurra ára og að tveimur árum liðnum skulu þrjár einstaklingar tilnefndir til fjögurra ára.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hverju sinni.

Náist kynjahlutföll 7. mgr. ekki við tilnefningu til stjórnar telst tilnefning í aðal- eða varastjórn ógild. Endurtaka skal tilnefningu þegar ljóst er að niðurstöður tilnefninga eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurtekna tilnefningar skal fresta tilnefningu til stjórnar til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og eigendafundur. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram.

HLUTVERK STJÓRNAR

14. gr.

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli eigendafunda. Hlutverk stjórnar er m.a. eftirfarandi:

- a) Marka stefnu félagsins, sbr. ákvæði 4.-8. tl. 9. gr. og 3. mgr. 16. gr.
- b) Ráða hafnarstjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi hlutverk, umboð, ábyrgð, ákvarðanatöku og upplýsingagjöf.
- c) Hafa eftirlit með störfum hafnarstjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna félagsins.
- d) Setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir.
- e) Setja félaginu gjaldskrá.
- f) Önnur verkefni sem stjórn eru falin samkvæmt sameignarfélagssamningi þessum.

SKYLDUR STJÓRNAR

15. gr.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, eigenda og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn félagsins er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á þeim gagnvart eigendum.

Stjórn skal hafa hagsmuni félagsins ávallt í fyrirrúmi í samræmi við meginreglur félagaréttar um trúnaðarskyldu stjórnar.

Stjórn skal gæta hagsmuna allra eigenda jafnt í samræmi við meginreglur félagaréttar um jafnræði eigenda.

Þeir sem veljast til stjórnarstarfa skulu sinna þeim af heiðarleika og áreiðanleika og verja nægjanlegum tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum af kostgæfni.

Stjórn skal senda endurrit fundargerða til eigenda. Upplýsingar varðandi viðskiptamenn, gjaldtöku og aðrar trúnaðarupplýsingar skulu skráðar í sérstaka trúnaðarbók sem er ekki hluti fundargerðabókar.

Stjórn skal viðhafa góða stjórnarhætti, á samstæðugrunni ef við á, og fara eftir viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, þar með talið varðandi:

- a) Setningu verklagsreglna um framkvæmd starfa sinna.
- b) Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar.
- c) Hagsmunaskráningu stjórnar og hafnarstjóra, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og ef við á regluvörslu.
- d) Skipan undirnefnda, þar með talið skilgreiningu á hlutverki, umboði og ábyrgð þeirra
- e) Framkvæma árlega árangursmat á árangri félagsins og störfum stjórnar, undirnefnda og hafnarstjóra.

Stjórn skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar, í samræmi við ákvæði gildandi laga um ársreikninga hverju sinni. Í stjórnarháttayfirlýsingu skal jafnframt upplýst um fylgni félagsins og stjórnar við Eigendastefnu félagsins og Almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar.

UMBOÐ STJÓRNAR

16. gr.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Umboð stjórnar takmarkast á hverjum tíma við ákvæði laga, tilgang félagsins skv. sameignarfélags-samningi þessum og ákvæðum þeirra að öðru leyti.

Stjórn annast stefnumörkun félagsins, sem skal háð samþykki lögmæts eigendafundar á eftirfarandi sviðum:

- a) Áhættustefna.
- b) Innkaupastefna.
- c) Starfsmanna- og jafnréttisstefna.
- d) Starfskjarastefna.
- e) Stefna varðandi öryggis-, heilsu- og vinnuvernd.
- f) Umhverfisstefna.
- g) Upplýsingaöryggisstefna.

Lántökur, ábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar sem nema hærrí fjárhæð en 5% af eigin fé félagsins í upphafi viðkomandi reikningsárs skulu lagðar fyrir eigendafund til samþykktar. Ákvæði þetta tekur ekki til skammtímalána, þ.e. lántökur til skemmri tíma en 12 mánaða, skuldbreytingar eldri langtímalána og greiðsluskuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætlun.

SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR

17. gr.

Reykjavíkurborg tilnefnir formann stjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum eins og þurfa þykir.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár hennar, þar sem m.a. skal kveðið á um reglulega fundi stjórnar.

Formaður lætur boða stjórnarfundi í samræmi við starfsáætlun stjórnar og aukafundi eftir því sem þörf krefur. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, hafnarstjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess. Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í tímabundnum forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.

FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI

18. gr.

Stjórn er ályktunarbær ef meirihluti stjórnar sækir þá, en mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi átt þess kost á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Fundargerðir stjórnar skulu vera opinberar, birtar á heimasíðu félagsins og þær sendar eigandafyrirsvari eigenda, nema félagið hafi hlotið undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga eða umfjöllunarefnið lúti að málefni sem undanþegið er upplýsingarétti skv. upplýsingalögum.

UNDIRNEFNDIR

19. gr.

Stjórn getur skipað sérstakar undirnefndir stjórnar, til að annast undirbúning einstakra verkefna fyrir stjórn félagsins. Við skipan slíkra nefnda skal samið erindisbréf þar sem kveðið á um:

1. Tilgangur og hlutverk nefndar.
2. Skipan nefndar.
3. Hlutverk formanns.
4. Verklag við undirbúning, boðun og framkvæmd funda.
5. Ályktunarhæfi.
6. Vanhæfi.
7. Fundargerðir.
8. Upplýsingagjöf til stjórnar.
9. Greiðsla kostnaðar vegna starfa nefndar.
10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn.
11. Starfstími nefndar.

Undirnefndir skulu semja starfsáætlanir þar sem kveðið skal á um framvindu nefndarstarfsins og áætlaða fundi. Starfsáætlanir undirnefnda skulu samþykktar af stjórn.

Skipan nefndar skal í heild sinni lögð fyrir eigendafund til samþykktar.

HAFNARSTJÓRI

20. gr.

Stjórn ræður forstjóra og er starfheiti hans hafnarstjóri. Stjórn gerir við hafnarstjóra ráðningarsamning og setur honum starfsreglur. Hafnarstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og heyrir undir hana.

Hlutverk hafnarstjóra er m.a. eftirfarandi:

1. Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi félagsins, í samræmi við sameignarfélagssamning þennan svo og ákvæði laga og reglugerða er varða starfsemi félagsins.
2. Ábyrgð á ráðningu starfsfólks og uppsögn þeirra.
3. Ábyrgð á að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins séu með tryggilegum hætti.
4. Ber óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir undir stjórn eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.
5. Ber ábyrgð á innleiðingu ákvarðana stjórnar og ákvarðana aðalfunda og aukafunda eigenda.

6. Annast önnur verkefni sem honum eru falin samkvæmt sameignarfélagssamningi þessum.

Hafnarstjóri fer með prókúru félagsins eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.

SIÐAREGLUR

21. gr.

Stjórn skal setja félaginu siðareglur sem ná til stjórnar, stjórnenda og starfsfólks og eftir atvikum birgja félagsins. Siðareglurnar skulu a.m.k. ná til eftirtalinna atriða.

- a) Skilgreining hagaðila félagsins og samskipti við þá.
- b) Ábyrgir og góðir viðskiptahættir.
- c) Viðskipti, gjafir og hagsmunaárekstrar.
- d) Innkaup.
- e) Varnir gegn svikum, mútum og spillingu í samræmi við viðurkennda viðskiptavenjur og leiðbeiningar.
- f) Bann við fjármögnun pólitískra verkefna.
- g) Samfélagsleg ábyrgð, þ.m.t. umhverfismál, mannréttindi og sjálfbærni.
- h) Samkeppni.
- i) Vernd eigna og upplýsinga.
- j) Trúnaður.
- k) Ferli fyrir uppljóstranir og vernd uppljóstrara.

Siðareglurnar skulu gilda á samstæðugrunni félagsins, ef við á.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

22. gr.

Á meðan félagið er í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar skal stjórn þess gera tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar félagsins til eigandafyrirsvars Reykjavíkurborgar í samræmi ákvæði við Almennrar eigandastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma.

Stjórn og hafnarstjóri útfæra í kjölfarið fjárhags- og starfsáætlun félagsins í samræmi við þær forsendur sem samþykktar hafa verið af eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar og skal endanleg áætlun samþykkt af stjórn félagsins og send eigandafyrirsvari í samræmi við ákvæði gildandi Almennrar eigandastefnu Reykjavíkur.

UPPLÝSINGAGJÖF

23. gr.

Stjórn og hafnarstjóri skulu leggja ríka áherslu á gegnsæi og góða stjórnarhætti. Upplýsingargjöf stjórnar til eigenda skal að lágmarki taka mið af eftirfarandi reglum:

- a) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL) um viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissuþætti.
- b) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. a ÁRL um upplýsingar í skýrslu stjórnar, m.a. um stofnfé og eigendur, samninga við eigendur og stjórnarmenn og starfsfólk.
- c) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. c. ÁRL um stjórnarháttayfirlýsingar, í samræmi við gildandi Leiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. hverju sinni um góða stjórnarhætti.

- d) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. d ÁRL um skýrslu stjórnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, samfélags- og starfsmannamála og stefnu í mannréttindamálum og varnir vegna spillingar- og mútumála.
- e) Ásreikningur skal að öðru leyti gerður í samræmi við IFRS uppgjörstaðla / ISA alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- f) Þau verkefni sem félagið annast á grundvelli opinberrar stefnumörkunar eigenda, skulu sérgreind reikningum félagsins, ásamt kostnaði sem af slíkum verkefnum leiðir, sem og fjármögnun þeirra.
- g) Félagið skal gefa út UFS skýrslu í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar þar að lútandi.
- h) Stjórn skal upplýsa eigendur um fjárhagsleg uppgjör, aðstæður eða atvik í rekstri félagsins í samræmi við reglur sem gilda um upplýsingaskyldu útgefenda fjármálagerna á Nasdaq Iceland hf., t.d. varðandi tíðni birtingu fjárhagsupplýsinga og aðra upplýsingaskyldu.
- i) Stjórn félagsins skal upplýsa eigendur um aðrar upplýsingar um málefni sem skipta eigendur og aðra hagaðila máli, þótt upplýsingarnar kalli ekki á ákvörðun af hálfu eigenda.

Meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar skal það leitast við að opna bókhald sitt almenningi eftir því sem við á m.t.t. eðlis starfsemi þeirra og samkeppnisstöðu.

Viðskipti milli félagsins og eigenda skulu fara fram á markaðskjörum og stjórn félagsins skal upplýsa í ársreikningi um viðskipti milli félagsins og eigenda þ.e. fjárhæð viðskipta, kjör og aðra helstu skilmála.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt ná til dótturfélaga og birtar á heimasíðu félagsins, nema sérstakur trúnaður um þær leiði af lögum eða öðrum atvikum.

INNRA EFTIRLIT

24. gr.

Á meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er starfandi innri endurskoðunardeild innan félagsins, annast Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar innri endurskoðun félagsins í samræmi við ákvæði laga, samþykkt borgarstjórnar og viðurkenndar venjur þar að lútandi, sbr. þó ákvæði 1. málsl. 3. mgr.

Innri endurskoðun og ráðgjöf leggur innri endurskoðunaráætlanir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu og stjórn félagsins til samþykktar sbr. þó ákvæði 2. málsl. 3. mgr.

Starfi innri endurskoðunardeild innan félagsins eða henni hefur verið útvistað til þriðja aðila, skal Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi. Enn fremur skal innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu.

ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

25. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og reikningar þess skulu endurskoðaðir af löggiltu endurskoðunarfélagi sem kosið er á aðalfundi til eins árs í senn sbr. ákvæði 9. gr. Um hæfi endurskoðanda fer að lögum.

Endurskoðandi skal í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur endurskoða ársreikninga félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Að öðru leyti fer um störf hans að lögum.

Ársreikningur skal útbúinn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og sýna skilmerkilega og rækilega tekjur og gjöld félagsins, eignir þess og skuldir, og eftir því sem við á upplýsingum skv. ÁRL sem greinir í ákvæði 24. gr.

FÉLAGSSLIT

26. gr.

Starfstíma félagsins eru engin takmörk sett. Félaginu má slíta hvenær sem eigendafundur ákveður.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu eða samruna við önnur félög, eins og lagaheimildir kunna að vera fyrir á hverjum tíma, skal fara sem um breytingar á samningi þessum. Eigendafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um samruna, slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum.

Óski eigendur að taka á dagskrá eigendafundar tillögu um slit, skal þess skýrt getið í fundarboði. Sé ákvörðun tekin um slit skal þegar í stað ganga frá uppgjöri. Skiptast þá eignir þess og/eða skuldir í samræmi við eignarhluta hvers eiganda samkvæmt 2. mgr. 3. gr. miðað við þann tíma sem skipting fer fram. Þó skal leitast við að þau hafnarmannvirki sem eigendur lögðu til félagsins í upphafi falli þeim í skaut við slit.

BREYTINGAR Á SAMEIGNARFÉLAGSSAMNINGNUM

27. gr.

Eigendafundur getur tekið ákvörðun um breytingar á samningi þessum með samþykki eigenda sem ráða yfir a.m.k. 9/10 hlutum eignarhluta. Þó þarf samþykki allra eigenda varðandi ákvarðanir um slit, skiptingu eða samruna félagsins við önnur félög svo og varðandi breytingar á ákvæði 4. mgr. 16. gr.

Þannig samþykkt á eigendafundir Faxaflóahafna sf. þann **[dagsetning]**